

Borgarráð 28. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup þjónustu- og nýsköpunarsviðs MSS24110185

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort að verklag innkaupa hjá þjónustu og nýsköpunarsviði sé á einhvern hátt frábrugðið innkaupaferlum hjá öðrum skrifstofum og sviðum Reykjavíkurborgar með vísan til 1. liðar fundargerðar innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 21. nóvember 2024. Einnig er óskað eftir upplýsingum varðandi það hvernig verklagi varðandi bein innkaup - sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur gert án samninga, er háttað? Óskað er útskýringar á því hvernig gagnvirk innkaupakerfi ÞON (svokallaðir DPS samningar), passa inn í glærुकynningu sviðsins á verklagi innkaupa hjá þjónustu- og nýsköpunarsviðs? Óskað er upplýsinga um hversu margar tegundir af verklagi varðandi innkaup sviðið er að notast við? Loks er spurt hvernig bæði eftirfylgni og eftirliti er háttað með öllum þessum innkaupaferlum sem sviðið virðist vera með í gangi á sama tíma?